



Valreglur landsliða 50 ára og eldri 2026 (liðakeppni EGA)

1. gr.

Í flokki kvenna 50 ára og eldri er valið eitt landslið með 6 einstaklingum til þátttöku í Evrópumót EGA.

Landsliðið skipa:

1. Tveir áhugakylfingar sem eru efstir á stigalista LEK öldungamótaraðarinnar þann 1. júlí.
2. Fjórir áhugakylfingar sem eru efstir í Íslandsmóti eldri kylfinga í flokki 50 ára og eldri (að undanskildum tveimur efstu áhugakylfingum sem áunnið hafa sér rétt í gegnum stigalista öldungamótaraðarinnar (liður 1))

Ef áhugakylfingur sem hefur áunnið sér rétt á landsliðssæti í gegnum LEK öldungamótaröðina afsalar sér þeim rétti mun áhugakylfingur í sæti fyrir neðan á LEK öldungamótaröðinni hljóta sæti í liðinu. Ef áhugakylfingur sem hefur áunnið sér rétt á landsliðssæti í gegnum Íslandsmót eldri kylfinga í flokki 50 ára og eldri afsalar sér þeim rétti mun áhugakylfingur í sæti fyrir neðan í Íslandsmóti eldri kylfinga í flokki 50 ára og eldri hljóta sæti í liðinu.

Ef tveir eða fleiri kylfingar eru jafnir að stigum á stigalista LEK öldungamótaraðarinnar gildir lægsta meðalskor á LEK öldungamótaröðinni. Ef enn er jafnt gildir hlutkesti.

Ef tveir eða fleiri kylfingar eru jafnir í Íslandsmóti eldri kylfinga í flokki 50 ára og eldri telst sá ofar sem var með lægsta skor á síðustu 36,18, 9, 6, 3, 1 holum. Ef enn er jafnt gildir hlutkesti.

Í flokki karla 50 ára og eldri er valið eitt landslið með 4 einstaklingum til þátttöku í Evrópumót EGA 2. deild.

Landsliðið skipa:

1. Sá áhugakylfingur sem er efstur á stigalista LEK öldungamótaraðarinnar þann 1. júlí.
2. Þrír áhugakylfingar sem eru efstir í Íslandsmóti eldri kylfinga í flokki 50 ára og eldri (að undanskildum þeim áhugakylfingi sem áunnið hefur sér rétt í gegnum stigalista öldungamótaraðarinnar (liður 1))

Ef áhugakylfingur sem hefur áunnið sér rétt á landsliðssæti í gegnum LEK öldungamótaröðina afsalar sér þeim rétti mun áhugakylfingur í sæti fyrir neðan á LEK öldungamótaröðinni hljóta sæti í liðinu. Ef áhugakylfingur sem hefur áunnið sér rétt á landsliðssæti í gegnum Íslandsmót eldri kylfinga í flokki 50 ára og eldri afsalar sér þeim rétti mun áhugakylfingur í sæti fyrir neðan í Íslandsmóti eldri kylfinga í flokki 50 ára og eldri hljóta sæti í liðinu.



Ef tveir eða fleiri kylfingar eru jafnir að stigum á stigalista LEK öldungamótaraðarinnar gildir lægsta meðalskor á LEK öldungamótaröðinni. Ef enn er jafnt gildir hlutkesti.

Ef tveir eða fleiri kylfingar eru jafnir í Íslandsmóti eldri kylfinga í flokki 50 ára og eldri telst sá ofar sem var með lægsta skor á síðustu 36, 18, 9, 6, 3, 1 holum. Ef enn er jafnt gildir hlutkesti.

Afreksstjóri GSÍ tilkynnir formlega liðin eigi síðar en 1. ágúst á heimasíðu GSÍ.

2. gr.

Áhugakylfingur sem nær tilskildum aldri áður en keppni liðsins fer fram, hefur íslenskan ríkisborgararétt og er félagi í íslenskum golfklúbbi á kost á að verða valinn í landslið fyrir Íslands hönd.

3. gr.

Í mótum sem leikin eru til vals í landslið skal leikið á þeim teigum sem reglugerð hvers móts kveður á um.

4.gr.

Allir landsliðskylfingar bera ábyrgð á að þeir treysti sér til að standast keppnisskilmála þeirra móta sem landslið tekur þátt í áður en lið eru tilkynnt opinberlega.

5. gr.

Stefna GSÍ er að almennt skuli keppendur og kylfuberrar í golfmótum á vegum GSÍ ekki nota golfbíla meðan á leik stendur (sjá reglugerð um bílanotkun).

6. gr.

Konur sem valdar eru í landslið fyrir mót EGA skulu ekki hafa hærri grunnforgjöf en 12.0 þegar liðið er tilkynnt til keppni.

Karlar sem valdir eru í landslið fyrir mót EGA skulu ekki hafa hærri grunnforgjöf en 9.0 þegar liðið er tilkynnt til keppni.

7.gr

GSÍ greiðir keppnis- og liðsgjöld og greiðir fyrir merkingu á fatnaði. Keppendur greiða annan kostnað og bera ábyrgð á skipulagningu ferðarinnar. Æskilegt er að hvort lið velji sér fyrirliða og liðstjóra er kemur fram fyrir hönd liðsins.



8.gr

Keppendur skulu undirrita Siða- og Hegðunarreglur GSÍ áður en mót hefst.

Þannig samþykkt af afreksnefnd GSÍ þann 25. mars 2026